

Hversu stórt var fall íslensku bankanna á heimsmælikvarða?

Nokkrar tölur

Jared Bibler

Í þeim umræðum sem sprottið hafa upp í kjölfar þess að íslenska bankakerfið féll í október 2008 hefur lítið verið talað um stærð og umfang fallsins, hvort sem reiknað er í íslenskum krónum eða í samanburði við önnur gjaldþrot.

Þetta er ekki gott því ef við gerum okkur ekki grein fyrir umfangi fallsins er erfitt fyrir okkur skilja hversu miklu áfalli hagkerfi okkar varð fyrir. Það gerir okkur líka illmögulegt að útskýra stærð kerfishrunsins fyrir útlendingum. Gjaldþrot bankanna var sögulegur viðburður, ekki bara á Íslandi heldur einnig alþjóðlega og því verðum við að geta gert okkur grein fyrir umfangi þess.

Við skulum líta á nokkrar tölur sem hjálpa okkur að setja íslensku fjármálakrísuna í alþjóðlegt samhengi.

Í lok júnímánaðar 2008, um það bil þremur mánuðum áður en stóru viðskiptabankarnir féllu, jafngiltu samanlagðar eigur þeirra, þ.e. Kaupþings, Landsbanka og Glitnis, fjórtánfaldri þjóðarframleiðslu Íslendinga.

Stóru bankarnir þrír voru ekki bara stórir miðað við þjóðarframleiðslu Íslendinga heldur einnig á alþjóðlegan mælikvarða. Línum fyrst á alla bankana sem eina heild í ljósi þess að þeir voru settir í sama flokk af mörgum þáttakendum markaðarins utan Íslands og að þeir féllu allir með nokkurra daga millibili. Ein leiðin til þess að sýna stærð þeirra er að skoða hverjar heildareignir þeirra voru við fall. Þessi fjárhæð nam 182 milljörðum bandaríkjadalra í júní 2008 og er hún mjög há, jafnvel á breskan eða bandarískan mælikvarða.

Það varð heimsfrétt haustið 2007 að breskir innstæðueigendur stóðu í biðröðum til að taka fé sitt út úr Northern Rock bankanum. Bresk stjórnvöld voru tilneydd að grípa inn í og ábyrgjast innstæður í bankanum til að hrinda áhlaupinu. Að lokum var Northern Rock bankinn þjóðnýttur. Stærð þriggja stóru bankanna á Íslandi setur þá í flokk með þessu fræga breska áfalli. Stærð þeirra samanlagt var meira en 80% af stærð Northern Rock við árslok 2007.

Hinum megin við Atlantshafið hefði samanlagt gjaldþrot íslensku bankanna þriggja fært þeim sæti sem þriðja stærsta gjaldþrot í Bandaríjunum frá upphafi. Einungis Lehman bankinn og Washington Mutual voru stærri og þeir féllu á nánast sama tíma og íslensku bankarnir. Ef við berum sameiginlegt fall stóru íslensku bankanna þriggja saman við þau gjaldþrot sem urðu í Bandaríjunum fyrir árið 2008 myndu þeir ná sæti sem langstærsta bandarískra gjaldþrot sögunnar, 75% stærra en fall WorldCom 2002.

Tölurnar eru líka hrikalegar ef litrið er á hvern banka fyrir sig. Gjaldþrot Kaupþings var til dæmis næstum 30% stærra en Enron þegar það fræga fyrirtæki varð gjaldþrota og Enron var þá sjöunda stærsta fyrirtæki í Ameríku. Gjaldþrot Landsbankans og Glitnis voru hvort um sig um það bil 25% stærra en nýlegt gjaldþrot Chrysler.

Til þess að skilja stærð áfallsins hérlendis er hægt að draga upp mynd af því ef Bandaríkin eða Bretland hefðu lent í svipaðri kreppu. Það sem gerðist á Íslandi í byrjun október 2008 hefði jafngilt meira en 140 Northern Rock áföllum í Bretlandi. Yfirlægð á Bandaríkin myndi það jafngilda því að næstum 300 Lehman Brothers bankar hefðu orðið gjaldþrota samtímis. (Stærð efnahagskerfisins í Bretlandi árið 2008 var um 175 sinnum stærra en efnahagskerfi Íslands og efnahagskerfi Bandaríkjanna var 1100 sinnum stærra.)

Frá miðjum september til ársloka 2008 fíll Standard & Poor's vísitalan („S&P 500“) í Bandaríkjum úr 1200 niður í tæplega 900 punkta og því var lýst sem hræðilegu markaðsáfalli af viðskiptamiðlum. Ímyndaðu þér ef vísitalan hefði fallið niður fyrir 100 punkta. FTSE 100 í Bretlandi hefði á sama hátt fallið úr 5000 niður fyrir 500 ef landið hefði orðið fyrir svipuðu áfalli og Ísland.

Þegar við hjá Fjármálaeftirlitinu setjum kreppuna í samhengi fyrir starfsbræður okkar erlendis halla þeir sér venjulega fram og leggja við hlustir. Ég vona að þessi samanburður hjálpi þeim sem hér búa að skilja betur stærð íslensku fjármálakrísunnar.

Fall þriggja stærstu íslensku bankanna í samanburði við stærstu gjaldþrot í Bandaríkjum

	Fyrirtæki	Dags.	Tegund	Eignir millj. dollara
1	Lehman Brothers Holdings Inc.	15. 9. 2008	Fjárfestingarbanki	691
2	Washington Mutual, Inc.	26. 9. 2008	Sparisjóðabanki	328
	Íslensku bankarnir þrír	10. 2008	Fjárfestinga- og viðskiptabankar	182
3	WorldCom, Inc.	21. 7. 2002	Fjarskipti	104
4	General Motors	1.6. 2009	Framleiðir og selur bíla	91
5	Kaupþing banki hf.	9. 10. 2008	Fjárfestinga- og viðskiptabanki	83
6	CIT Group Inc.	1.11. 2009	Móðurfyrirtæki banka	80
7	Enron Corp	2.12.2001	Orkuviðskipti	66
8	Conseco, Inc.	17.12.2002	Móðurfyrirtæki banka	61
9	Landsbanki Íslands hf.	7.10.2008	Fjárfestinga- og viðskiptabanki	50
10	Glitnir banki hf.	7.10.2008	Fjárfestinga- og viðskiptabanki	49
11	Chrysler LLC	30. 4.2009	Framleiðir og selur bíla	39
12	Tornburg Mortgage, Inc.	01. 5.2009	Húslánafyrirtæki	37
13	Pacific Gas and Electric Company	6.4. 2001	Orkuveita	36
14	Texaco, Inc.	12.4.1987	Jarðolía og jarðolíuefni	35
15	Financial Corp. of America	9.9.1988	Fjármálabjónusta og sparisjóður	34

Heimild: BankruptcyData.com, Seðlabanki Íslands, ársfjórðungsskýrslur Q2 2008: Landsbanki Íslands hf., Kaupþing banki hf. og Glitnir banki hf.

Jared Bibler
Rannsakandi á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins